

Upplýsingar um Curron – fjölskylduráð 26. janúar 2018

Tilraunaverkefnið

Í ágúst 2016 var starfsfólki stoðþjónustuteymis falið að móta tilraunaverkefni um Curron.

Í janúar 2017 hóf einn starfsmaður heimaþjónustunnar í 80% starfi prófun á kerfinu alls 29 heimili. Annar starfsmaður bættist í hópinn í apríl. Sá starfsmaður var einnig í 80% starfi með 27 heimili. Þessir starfsmenn voru báðir í hefðbundinni félagslega heimaþjónustu sem felst í þrifum á gólfum, baðherbergi, afpurrkun og rúmfataskiptum. Starfsmenn voru báðir ánægðir með kerfið og gátu séð kostina við að skrá sig inn á heimili, fá upplýsingar um þjónustuþega og verkefni beint í símann. Einnig fannst þeim gott að geta skráð sig inn á heimilið og þannig staðfesta mætingu á heimilinum.

Curron kerfið var ekki notað yfir sumarið þegar fastir starfsmenn voru í fríi. Í september þegar allir starfsmenn voru komnir til starfa, sýndu þeir mikinn áhuga á að vera einnig tengdir Curron kerfinu. Hafist var handa við að skrá þjónustuþega og verkefni í Curron kerfið í september og 12 símar keyptir handa starfsmönnum. Samningur var gerður við Vodafone um gagnamagn í hverjum síma svo hægt væri að nýta Curron kerfið.

Í október voru 14 vinnuþlön starfsmanna tilbúin í Curron kerfinu og höfðu þá félagsliðar heimaþjónustunnar bæst við í hópinn. Félagsliðar sinna styttri innlitum og margs konar verkefnum á heimilum þjónustuþega. Vinnuþlön félagsliða geta verið bæði flókin og margþætt. Flokksstjórar í heimaþjónustu stýra þjónustunni rafrænt og starfsmenn starfa eftir vinnuþlönnum í síma. Þegar meiri hluti starfsmanna var farinn að starfa eftir Curron kerfinu komu vel í ljós kostir þess varðandi stýringu á verkefnum. Starfsmenn heimaþjónustunnar, flokksstjórar og verkefnastjóri hafa fengið leiðbeiningar og kennslu á Curron kerfið og eru nú orðnir nokkuð vel að sér. Skráðir samningar í Curron kerfinu eru 360 en þar af eru 300 virkir

Kostir Curron kerfisins

Eins og fram hefur komið þá eru kostir kerfisins miklir varðandi stýringu á verkefnum. Curron kerfið eykur jafnframt upplýsingaflæði til starfsmanna með til dæmis upplýsingum um aðstandendur. Það gerir ráð fyrir því að á hvern og einn þjónustuþega sé skráður tengiliður. Það mun auðvelda heimaliðum og félagsliðum að hafa bein samskipti við aðstandendur ef eitthvað bjátar á eða til að skipuleggja þjónustu með aðstandenda. Einnig er hægt að færa inn

nákvæmari upplýsingar um staðsetningu heimila eða aðgang til dæmis gengið inn bak við húsið og fleira. Kerfið mun einnig auðvelda aðstandendum, með fengnu samþykki þjónustuþega, að fylgjast með þeirri þjónustu sem veitt er inn á heimilið.

Bætt skipulag og nýting vinnutíma starfsmanna

Kerfið auðveldar allt utanumhald fyrir stjórnendur heimaþjónustu. Allt skipulag verður rafrænt. Þannig næst góð yfirsýn yfir allar heimsóknir og auðvelt verður að gera breytingar á skipulagi, sem skila sér strax til starfsmanna. Kerfið gefur nákvæma skiptinu á vinnutíma hvers heimaliða í vinnu inn á heimili, ferðatíma og annað, sem eru forsendur þess að geta aukið nýtingu hans í þjónustu inn á heimilum. Kerfið mun tvímælalaust skapa okkur tækifæri til að nýta meira af tíma heimaliða og félagsliða til að sinna þjónustu við íbúana og auka þar með afköst.

Staðfesting á veittri þjónustu

Í dag kvitta þjónustuþegar á vinnuskýrslu fyrir veitta þjónustu. Á sumum heimilum er þjónustuþegi ekki heima þegar þjónusta er veitt og kvittar því enginn fyrir þjónustuna. Með Curron kerfinu verður kvittanakerfið óþarft þar sem strikamerki á heimilum staðfesta þjónustuna. Tímalengd starfsmanna á heimilinu gefur vísbendingar um hvaða verk eru unnin. Því fylgir mikið öryggi fyrir alla sem að málinu koma og kerfið er því mikilvægt aðhald fyrir starfsmenn. Sumir þjónustuþegar glíma við elliglöp eða byrjun á minnisleysi og stundum ber við að þjónustuþegar sjálfir eða jafnvel ættingjar standa í þeirri trú að þjónusta okkar hafi ekki verið innt af hendi. Mörg samtöl til verkefnastjóra varða spurningar um hvort þjónusta hafi verið innt af hendi. Slík símtöl munu líklega að mestu leyti heyra sögunni til við upptöku Curron kerfisins.

Næstu skref

Strikamerki hafa enn ekki verið sett upp á heimilum þjónustuþega. Fyrirtækið ISS hefur áhuga á að taka upp Curron kerfið og væri því öryggi í útvistaðri þjónustu tryggt með staðfestingu á mætingum.

Reikningagerð og upplýsingamiðlun verður rafræn

Þegar Curron kerfið er farið að virka af fullum krafti mun það skila rafrænt upplýsingum yfir í reikningskerfið til innheimtu og einnig mun kerfið skila okkur upplýsingum fyrir Hagstofuna. Í dag eru þjónustutímar skráðir bæði af heimaliða og félagsliða ásamt starfsmanni á skrifstofu. Að þjónustutímar fari beint í reikningakerfið mun bæði spara vinnutíma og jafnframt koma í

veg fyrir mannleg mistök við handskráningu eins og verklagið er núna. Þá væru úr sögunni samtöl sem fjalla um hvort þjónusta hefur verið veitt og hversu lengi.

Öryggismál

Upplýsingar sem skráðar eru í Currón eru vistaðir í skýi, sem þýðir að huga þarf vel að öryggismálum. Upplýsingar sem skráðar eru eru til dæmis nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer. Einnig eru skráðir tengiliðir, símanúmer og hugsanlega netföng. Aðrar upplýsingar sem skráðar eru eru samningar. Í samningum koma fram upplýsingar um tímabil sem veita á þjónustuna, fjölda tíma sem þjónusta verður veitt á heimilinu. Einnig koma fram þeir verkþættir sem vinna á inn á heimilinu. Verkferlar verða hannaðir til að tryggja vernd upplýsinga.

Kostnaður

Þegar allir starfsmenn heimaþjónustunnar eru komnir með rafræn vinnuplön í síma eru samningar milli 550 og 600. Kostnaður fyrir hvert heimili er 1252 m/vsk á mánuði. Kostnaður er óháður fjölda verkþátta á hverju heimili. Af þessum 550-600 samningum eru 160 samningar útvistaðir hjá ISS. Kostnaður Hafnarfjarðarbæjar vegna þeirra samninga lækkar um 850.- og er þá 400.-fyrir hvern samning.

Niðurstöður

Tilraunaverkefnið fór mjög hægt af stað. Það var ekki fyrr en að fleiri starfsmenn heimaþjónustunnar, fóru að nýta sér kerfið sem kostir þess komu í ljós. Það var fyrst þá sem hægt var að flytja verkefni á milli starfsmanna og fylla í eyður sem voru á vinnuplönunum. Starfsmenn heimaþjónustu voru með Currón kerfið frá október til desember 2017. Þeir hafa almennt verið ánægðir með kerfið og voru fljótir að tileinka sér þessa nýju tækni.

Reynsla flokkstjóra og verkefnastjóra af kerfinu er góð. Kerfið auðveldar alla stýringu á verkefnum til dæmis vegna veikinda og annarrar fjarveru. Það er auðvelt að sjá hvaða starfsmaður er laus og flytja verkefni yfir á þann með einföldum smelli. Starfsmaður fær skilaboðin samstundis og sér í símanum að nýtt verkefni hefur bæst við og vinnur út frá því.

Með Currón kerfinu tryggjum við aukið öryggi í framkvæmd þjónustunnar.

25. janúar 2018

Sjöfn Guðmundsdóttir